

LISTIR


Myndlistarsýning að hætti sendiherra Breta

Í TENGLUM við kveðjuhóf breska sendiherrans á Íslandi, John Culvers, verður opnuð sýning á verkum myndlistarkonunnar Catrin Webster í Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstöðum kl. 17.30 í dag, miðvikudag. Áður var John Culver sendiherra í Napóli og kvaddi þar einnig með myndlistarsýningu Catrin Webster.

Webster kenndi á námskeiði í Listaháskóla Íslands fyrir tveimur árum auk þess sem hún hefur starfað á Íslandi sem gestalistamaður breska sendiráðsins. Sýningin nú hefur yfirskriftina „Terra Firma/Terra Incognita“ og setur listamaðurinn spurningarmerki við hefðbundinn skilning okkar á landslagi. Á þessari sýningu er að finna nokkrar raðir teikninga sem allar leitast við að kanna hugmyndina um landslag, hvort sem það er raunverulegt eða ímyndað.

„Á meðan ég starfaði sem gestalistamaður í breska sendiráðinu í Reykjavík,“ segir Catrin Webster, „einbeitti ég mér að teikningum þar sem bæði var horft „út á við“ á sjálft landslagið og „inn á við“ á hugsanaferlin á bakvið hina sjónrænu skynjun. Þessar teikningar eru blanda af litlum vatnslitaskissum og stuttum textum. Þegar ég kom til Bretlands á ný sameinaði ég þessa aðferð við áhuga minn á því hvernig skynjun okkar á landslagi er mótuð af sögu landslagslistaverka sem komin eru saman á listasöfnum og myndlistarsýningum.

Í desember 2002 gerði ég fyrstu teikningarnar í myndaröð minni af virtum listastofnunum. Þar er kafað ofan í það hvernig fólk horfir á útsýni. Sjónlínur eru dregnar í gegn-



Catrin Webster. Vatnslitateikning gerð í Reykjavík í desember 2002.

um landslagið þvers og kruss yfir myndflötinn. Þessi vinna hélt svo áfram við fjölda annarra listastofna, þar á meðal í A.G.O. Toronto, Guggenheim listasafninu, Feneyjum, Tate St. Ives og í Listasafni Reykjavíkur.

Á þessari sýningu er einnig að finna röð teikninga þar sem línur landakorta eru dregnar upp og þau þannig endurgerð sem bæði myndir og litlir skúlptúrar. „Þessar teikningar gefa í skyn að landakort sé í grunninn ljóðræn mynd; við getum ekki fyllilega upplifað landslagið sem það lýsir,“ segir Catrin Webster.

Sýningin stendur til 18. apríl.

Hundrað söfn bætast í Gegni

UM það bil eitt hundrað bókasöfn taka miðlægt bókasafnskerfi, Gegni, í notkun, 5. apríl nk., og er það aðgengilegt á Netinu sem gegnir.is. Þessi bókasöfn hafa áður notað kerfi sem kallast Fengur og verður nú lagt af. Nýja kerfið gerir notendum kleift að leita fanga í sameiginlegum safnkosti allra helstu bókasafna landsins eða tiltekins safns ef þess er óskað. Einnig geta notendur séð á Netinu hvaða bækur þeir eru með að láni og skiladag þeirra og fundið bækur í nálægum söfnum sem þeir finna ekki í heimasafni sínu.

Innleiðing þessa nýja kerfis byggist á samstarfi ríkisins og 45 sveitarfélaga, auk þeirra tuga af bókasafns- og upplýsingafræðingum og öðrum fagmönnum sem unnið hafa að flutningi gagna, uppsetningu kerfisins, forritum, kennslu og öðrum þáttum verksins.

Flutningur gagna úr Feng í Gegni hefur tekið nokkra mánuði og verður lokaáfanginn til 4. apríl, en Gegni og Fengur verða lokaðir þangað til.

Bókasafn Kópavogs opið

Bókasafn Kópavogs mun einnig taka Gegni í notkun, en vegna þess að Bókasafn Kópavogs notar tölvukerfið Bókver þarf ekki að loka því af þessum sökum og er það opið eins og venjulega.

FERMINGARTILBOÐ!

Átta þúsund þrjúhundruð níutíu og sjómílnaskór



KR. 13.440
VERÐ ÁÐUR 16.800 KR.

Crispi gönguskór

klæddu þig vel

| | | |
|---------------|-----------|---------------|
| Kringlunni | Reykjavík | Sími 533 6066 |
| Lækjargötu 4 | Reykjavík | Sími 561 6800 |
| Faxafeni 12 | Reykjavík | Sími 588 6600 |
| Miðhrauni 11 | Garðabæ | Sími 535 6606 |
| Glerárgötu 32 | Akureyri | Sími 461 3017 |



SMS
tónar og tákn

mbl.is

GLÆSILEGUR AFMÆLISPAKKI.



Við fögnum fjögurra ára afmæli Lexus á Íslandi með því að bjóða Lexus IS200 Limited með sérstaklega glæsilegum útbúnaði í takmarkaðan tíma. Afmælispakinn inniheldur rafdrifin leðursæti, nýjar 17" álfelgur og Xenon aðalljós með sjálfvirkri hæðarstillingu.

Við hönnun IS200 Limited var lögð gífurleg áhersla á að draga fram kosti sportbíls án þess að fórn þeim lúxus sem er aðalsmerki Lexus. Þú upplifir hina fullkomnu hönnun bílsins í þeim ótal mörgu smáatriðum sem gera Lexus engan öðrum líkan.

IS200 Limited er með 6 strokka, 2.0 lítra VVTi vél sem skilar um 155 hestöflum. Hann er með fullkominni spólvörn sem eykur veggrip og öryggi. Hægt er að velja um 6 gíra beinskíptingu eða 4 þrepa sjálfskíptingu.

Komdu og reynsluaktu Lexus IS200 Limited

IS200 LIMITED

